

1869.
15. apríl.

þau, er hann hefir með sér, að svo miklu leyti sem þau verða ekki dýrari en 100 rd., hefir honum verið lofað, auk viðurværis og ferðakostnaðar fram og aftur, 40 ríkisdöllum á mánuði í laun upp frá þeim degi, að hann fer af stað hëðan og þangað til að hann er kominn hingað aftur, á þann hátt að stjórnin borgar ferðakostnaðinn með póstskipinu og helminginn af laununum, og hið konunglega landbústjórnarfélag hinn helminginn af laununum, og hefir það þar að auki lofað, ef að áhöldin verða dýrari en 100 rd., þá að borga það sem fram yfir verður.

Jafnframt og yður er kunngjört þetta, herra stiptamtmaður, og að hið konunglega landbústjórnarfélag hefir lagt fyrir tēðan jarðyrkjumann að fara á yðar fund, undir eins og hann sé kominn til Reykjavíkur, til þess að fá vísbendingu um, hvert hann eigi að fara, eruð þér beðnir að hlutast til, að laun þau, sem honum hefir verið heitið, eins og áður var sagt, 40 rd. á mánuði, verði borguð honum úr jarðabókarsjóðnum, og senda síðan, þegar þar að kemur, skýrslu um, hversu mikið hefir verið borgað smátt og smátt. Skal því við bætt, að jarðyrkjumanninum hefir verið borgað fyrir fram uppi launin fyrsta mánuðinn 20 ríkisdalir.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestusölu á tünparti við Reykjavík.

15. apríl.

Með bréfi dagsettu 19. janúarmán. þ. á. hafid þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá í útleggingu á dönsku, er stiptamtinu hafði borizt frá bæjarstjórninni í Reykjavík; er þar sókt um samþykki til þess, að selja megi til erfðafestu tünblettinn nr. 4 á Hlíðarhúsalóðinni fyrir 43 álna afgangi á ári eptir verðlagsskrár meðalverði. Jafnframt og þér hafid getið þess, að meðalalin eptir verðlagsskránni 1868—69 hafi verið $21\frac{2}{3}$ skild., og að afgangið, sem um hefir verið samið, verði eptir því 9 rd.

1869.
15. apríl. 68 sk. á ári, hafið þér lagt fram með, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermán. 1846 24. gr., að veitt verði samþykki til þess, að það megi selja tæðan túnblett til erfðafestu með þeim kjörum, sem vikið er á í bræfi bæjarstjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það, að dómsmálastjórnin veitir hér með samþykki sitt til þess, sem um hefir verið sókt.

15. apríl. **34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir lækningar.**

Nú er dómsmálastjórnin hefir fengið bréf yðar, herra amtmaður, dagsett 28. janúarmán. þ. á., hefir Tegner, lækni af gufuhvalaveiðaskipinu „Thomas Roys“, verið veitt 150 rd. þóknun fyrir það, að hann í fyrra, þegar skipið hefir komið við á fjörðunum á Austurlandi, hefir hjálpið landsmönnum með lækningum sínum, án þess að þiggja neina borgun fyrir það. Þetta skal yður hér með til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörðið það sýslumönnum í Múlasýslunum, W. Olivarius og O. Smith.

15. apríl. **35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ótta fyrir hallæri í norður- og austuramtinu.**

Í bræfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá ástandinu í norður- og austuramtinu, og látið það álit yðar í ljósi, að þrátt fyrir það, að undanfarinn vetur var góður og vorðið eins, og sumarið var hagstædt bæði fyrir skepnuhöld og heyskap, þá vofi mikið hallæri yfir í mörgum héraðum í amtinu, nema þeim verði veitt hjálp á einhvern hátt,